

SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt um stjórn Bolungarvíkurkaupstaðar, nr. 492/2014.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 46. gr. samþykktarinnar:

- a. Við B1 lið 46. gr., breytist töluliður nr. 4 og verður svohljóðandi:
Hafnar- og atvinnumálaráð. Hafnar- og atvinnumálaráð hefur með höndum hafnamál samkvæmt lögum um hafnamál, nr. 61/2003, atvinnumál og atvinnuþróun. Ásamt öðrum þeim verkefnum sem ráðinu eru falin með erindisbréfi.
- b. Í B2 lið 46. gr., fellur 2. tölul. brott.

Staðfestist í bæjarstjórn 10. desember 2024 og öðlast þegar gildi.